

SKÝRSLA FORMANNS ÆSKP 2021 - 2022

Starfsárið 2021-2022 var mikið litað af heimsfaraldrinum covid 19 og margir viðburðir sem þurftu að taka breytingum eða vera felldir niður vegna aðgerða stjórnvalda til þess að sporna við útbreiðslu sjúkdómsins á Íslandi.

Janúarnámskeið var haldið á zoom með þátttakendum út um allt land. Það var leitt að geta ekki hisst öll en stjórn ÆSKP þótti mikilvægt að reyna að halda í hefðir og bjóða leiðtogum upp á fræðslu. Ákveðið var að verja meiri fjármunum í fyrirlestra á þessu námskeiði og voru 3 fyrirlestrar.

Ingileif og María frá hinseginleikanum komu með fræðslu um hinsegin málefni og hvernig sé hægt að nálgast þau í umræðu við börn og unglinga.

Guðrún Karls Helgudóttir var með fræðslu um hugleiðingargerð og seinast var Beggi Ólafs með fyrirlestur tengdan bók sinni, tíu skref að innihaldsríku lífi.

Með þessum þremur fyrirlestrum var hægt að mæta starfinu á þrenna ólíka vegu. Andleg næring fyrir leiðtogana og sjálfsefning, hugleiðingargerð sem praktík í starfi og svo ný tól til þess að nálgast unglinganna sem hóp.

Námskeiðið gekk vel og þátttaka var góð, það komu upp hugmyndir á stjórnarfundum að halda áfram með þetta form, á öðrum tíma til að auka við fræðslu leiðtoga en mikil von var um að halda janúarnámskeið með hefðbundnum hætti að ári.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur fór fram 3. mars í Neskirkju og á Zoom.

Fundurinn var vel sóttur og góðar umræður sköpuðust. Það skiptir miklu máli í starfi félagasamtaka á boÆSKPið ÆSKP að aðildarfélögin láti sig störf stjórnar varða og taki þátt í aðalfundi. Hvert aðildarfélag hefur atkvæðisrétt tveggja fulltrúa í kosningum. Á fundinum voru fluttar skýrslur ársins, starfsáætlun, fjárhagsáætlun og ársreikningur og eru þessi gögn aðgengileg á vefsíðunni. Ný stjórn var kÆSKP á fundinum, í aðalstjórn ÆSKP: Berglind Hönnudóttir formaður, Anna Lilja Steinsdóttir gjaldkeri, Daníel Ágúst Gautason ritari, Erna Kristín Stefánsdóttir og Hákon Darri Egilsson meðstjórnendur. Í varastjórn voru kosin: Ásmundur Máni, Sóley Adda, Sigurður Óskar, Aldís Elva, Bolli Pétur.

KUF

Kirkjuþing unga fólksins var haldið 14.-15. maí 2021, verkefnastjóri var Kristján Ágúst. Það voru sömu fulltrúar og höfðu verið skipaðir fyrir árið áður þar sem að þingið fór ekki fram vegna samkomutakmarkÆSKP

FRESTUN VIÐBURÐA

Margir viðburðir sem stjórn ÆSKP hafði í undirbúningi fyrir þetta starfsár þurfti að fresta eða færa vegna stöðu samkomutakmarkana á Íslandi. Það stóð til að standa undirbúningi fyrir vaktu með kristi og senda efni út í söfnuði en sú hugmynd verður vonandi nýtt seinna þegar takmarkanir leika okkur ekki grátt.

GLEÐIGANGA

Gleðigangan var lengi á dagskrá og var hafinn undirbúningur en að lokum var hún ekki haldin vegna samkomutakmarkÆSKP

FJARFUNDIR

Flest allir fundir á vegum ÆSKP fóru fram í fjarfundi og hentar það stjórn mjög vel þar sem að hún er búsett út um allt land, einnig er það gott fyrir flesta að geta sparað þann tíma sem færi í ferðir og einnig umhverfisvænna.

LANDSMÓT

Til stóð enn eitt árið í röð að halda landsmót á Sauðárkróki og enn einu sinni komu takmarkanir á samkomum á Íslandi í veg fyrir þaÆSKPandsmót er stærsti viðburður ÆSKP og það er frábært að sjá vilja stjórnar til þess að leggja á sig vinnu til þess að finna leiðir til að láta hlutina ganga á erfiðum tímum. Það var þó smá ljós punktur að hægt var að nýta upphaflega plan landsmótsnefndar 2020 og var landsmót haldið að hluta til í hverju æskulýðsfélagi fyrir sig ásamt því að sameiginleg útsending var frá Grensáskirkju. Það var góð þátttaka frá nokkrum stöðum á landinu og almennt góð stemming á mótinu. Ég þori varla að skrifa það í þessa skýrslu en ætla þó að nefna að ég vona innilega að við þurfum ekki að finna nýja leið til að halda live landsmóti spennandi.

ÞAKKIR

Ég ætla að ljúka þessari skýrslu á að þakka öllum þeim en að störfuðu með eða fyrir ÆSKP á einn eða annan hátt á seinasta starfsári kærlega fyrir! Það er ekki sjálfsagt að fólk sé tilbúið í að leggja á sig vinnu í sjálfboðastarfi fyrir svona samtök en það er mjög dýrmætt og ómetanlegt.

Ég hlakka til næsta starfsárs þar sem að við þurfum vonandi að ekki að kljást við nýjar takmarkanir og getum farið aftur að vinna eftir hefðbundum takti og eftir algengari áskorunum í æskulýðsstarfi.

Ég vil þakka sérstaklega þeim stjórnarmeðlimun sem að ljúka núna störfum sínum fyrir gott samstarf og óska þeim alls hins besta. Einnig vil ég þakka Jóhönnu Ýr fyrir samstarfið á meðan hún leysti af sem framkvæmdarstjóri en nú er hún á leið í ný verkefni og óska ég henni einnig alls hins besta.

Berglind Hönnudóttir